

færslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra, greiddist af undirdómaranum, sýslumanni Einari Thorlacius.

D v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Hinn áfrýjaði dómur á ómerkur að vera, og ber undirdómaranum, sýslumanni Einari Thorlacius, að taka málið aptur fyrir til löglegrí dómsáleggingar. Svo ber honum og að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Jóns Jenssonar og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors þeirra, undir aðför að lögum.

Nr. 23/1886

Jón Einarsson

gegn

Guðmundi Einarssyni

D ó m u r :

Mál þetta er í hjeraði höfðað af hinum stefnda, Guðmundi Einarssyni, húsmanni í Reykjavík, gegn áfrýjandanum, Jóni Einarssyni, húsmanni sama staðar, fyrir þær sakir, að Jón hafi tvívegis í vor barið Guðmund, dróttað að honum óráðvendni, og tekið frá honum fisk (1 þorsk) í óleyfi, og var það dæmt í bæjarþingsrjetti Reykjavíkur 2. sept. þ. á. með þeim úrslitum, að Jón Einarsson skyldi greiða 10 kr. sekt til landsjóðs fyrir að hafa lostið Guðmund og fyrir að hafa tekið fisk frá honum, og þess utan 10 kr. í málskostnað; en greiddi hann eigi sektina innan ákvedins

tíma, skyldi hann sæta 5 daga einföldu fangelsi. Að Jón hafi ærumeitt Guðmund, með því að drótta að honum óráðvendni, er í bæjarþingsdómnum talið ósannað gegn neitun Jóns, og er hann fyrir því eigi dæmdur fyrir meidyrði. — Dómi þessum hefur Jón Einarsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 7. okt. þ. á., og krafist þess, að hann verði algjörlega sýknaður fyrir kröfum Guðmundar Einarssonar, og að Guðmundur verði dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir báðum rjettum með einhverju nægilegu eptir mati dómsins. Hinn stefndi krefst þess aptur á móti, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með 20 kr., eða eptir mati rjettarins.

Það er sannað í máli þessu, að áfrýjandinn hafi eitt sinn í síðastliðnum júnimánuði lostið stefnda eitt högg, án þess þó að veita honum áverka eða annan skaða, og að hann nokkru síðar hafi án leyfis stefnda tekið einn fisk af afla hans; gjörði hann það í votta viðurvist og í því skyni, að halda fiskinum þar til hann fengi aptur fisk, er hann tjáir að stefndi hafi áður verið búinn að taka heimildarlaust af sínum afla (o: úr sínu kasti). Áfrýjandinn tjáist hafa barið stefnda sökum þess, að hann hafi otað að sjer hníf og með því móti æst sig til ofsa-reiði, en þetta er ósannað gegn neitun stefnda, er að vísu kannast við, að hann hafi haft hníf í höndum við vinnu sína, en jafnframt þverneitar því, að hann hafi otað honum að áfrýjandanum. Að því er snertir töku áfrýjanda á einum fiski frá stefnda, þá virðist ekki að þau atvik, er að henni lúta, sjeu í málinu orðin svo ljós, að unnt sje að áfella áfrýjanda fyrir í þessu máli.

Yfirdómurinn verður því að vera undirdómaranum samdóma um það, að áfrýjandinn hafi með því að ljósta stefnda gjörzt brotlegur gegn 202. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869. Virðist sekt sú, sem hann hefur til unnið, hæfilega metin 6 kr., er renni i landsjóð, og ber áfrýjanda eptir málavöxtum að greiða allan kostnað málsins fyrir báðum rjettum, er skal ákveðinn 15 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi þessa máls, Jón Einarsson, á að greiða 6 króna sekt í landjóðs, ella sæta einföldu fangelsi í 2 daga. Svo ber honum og að greiða hinum stefnda, Guðmundi Einarssyni, málskostnað fyrir báðum dómum með 15 kr.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 28/1886

Rjettvisin

gegn

Ásmundi Jónssyni.

### Ú r s k u r ð u r:

Áður fullnaðardómur verði lagður á mál þetta, ber hjeradsdómaranum að útvega þær skýrslur, sem nú skal greina.

1. Staðfest eptirrit af sáttargjörð ákærða, Ásmundar Jónssonar, við Tulíníus, dags. 21. júlí 1885, svo og staðfest eptirrit af afsalsbrjefi hins sama til Jóns Vilhjálmssonar, dags. 14. okt. 1885, en beggja þessara skjala er getið í prófunum.